



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 53. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 5. FUNDUR ÁRSINS

#### VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 5. MAÍ 2022

#### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2022, þann 5. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir þrjú mál, framlengingu á verksamningi um afsetningu seyru, fundargerð 23. fundar landbúnaðarnefndar og fundargerð 23. fundar skólanefndar vegna Undralands. Sveitarstjórn samþykkir að erindin verði lögð fram.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

##### **1. Ársreikningur 2021: Seinni umræða.**

Ársreikningur Hrunamannahrepps, sundurliðun ársreikningsins fyrir árið 2021 voru tekin til seinni umræðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 93,3 millj. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 130,1 millj. Nettó fjárfesting var 236,5 millj. Veltufé frá rekstri 107,1 millj. Heildareignir 2,104 millj., heildarskuldir 1,142 millj. og eigið fé 962 millj. Skuldahlutfall er 78% og hefur hækkað úr 69% frá fyrra ári. Að öðru leyti er vísað til framlagðra gagna. Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða og er reikningurinn undirritaður því til staðfestingar.

##### **2. Kjörstjórn: Skipun varamanna.**

Oddviti kynnti bréf frá kjörstjórn þar sem óskað er eftir tilnefningum tveggja varamanna í kjörstjórn þar sem tveir varamenn eru vanhæfir samkvæmt kosningalögum. Sveitarstjórn skipar Svan Einarsson sem varamann í stað Ingu Jónu Hjaltadóttur og Valnýju Björgu Guðmundsdóttur í stað Guðrúnar S. Alfreðsdóttur.

##### **3. Kaupsamningur og afsal vegna fasteignarinnar Langholtsvegur (Félagsheimili Hrunamanna).**

Oddviti kynnti kaupsamning og afsal vegna fasteignarinnar Langholtsvegur, fasteignanúmer 220-3942 (Félagsheimili Hrunamanna). Með samningnum afsalar Ungmennafélag Hrunamanna skráðum 40% eignarhlut sínum og Kvenfélag Hrunamanna 20% skráðum eignarhluta sínum til Hrunamannahrepps. Fasteignin hefur verið skráð sem eign Hrunamannahrepps í fasteignamati frá árinu 1988 og með samstarfssamningi aðila frá 18. júní 2003 tók Hrunamannahreppur yfir allan rekstur hússins og hefur síðan séð um allt viðhald fasteignarinnar og rekstur hennar en ekki hefur verið gengið frá formlegu afsali í kjölfar eignaskiptayfirlýsingar frá 1972. Sveitarstjórn samþykkir kaupsamninginn og afsalið vegna eignarinnar og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

##### **4. Bókasafn Hrunamanna: Ársskýrsla 2021.**

Oddviti kynnti ársskýrslu Bókasafnsins fyrir síðasta ár. Þar kemur fram að almennir lánþegar voru um 901 og lánaðar voru út 1.997 bækur yfir árið sem er lítilsháttar fækkun frá fyrra ári. Að auki voru skólunum lánaðar út 580 bækur. Sveitarstjórn þakkar Ingu Jónu fyrir góða skýrslu.

##### **5. Félag eldri Hrunamanna: Skýrsla.**

Oddviti kynnti skýrslu hjá Félagi eldri Hrunamanna vegna starfseminnar fyrir árið 2021. Sveitarstjórn þakkar fyrir skýrsluna og starf félagsins.

##### **6. Samþykkt um samráðshóp um málefni aldraðra í Hrunamannahreppi.**

Oddviti kynnti samþykkt fyrir samráðshóp um málefni aldraðra í Hrunamannahreppi sem kemur í stað öldungaráðs. Á fundinn mætti Edda Guðmundsdóttir formaður öldungaráðs og fór yfir starfsemi ráðsins og þessar breytingar. Sveitarstjórn þakkar Eddu fyrir góða yfirferð um málefni eldri borgara. Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi samþykkt um samráðshóp um málefni aldraðra í Hrunamannahreppi.

**7. Reglur um úthlutun leiguhúsnæðis fyrir eldri borgara í Hrunamannahreppi.**

Oddviti kynnti breytingar á reglum um úthlutun leiguhúsnæðis fyrir eldri borgara í Hrunamannahreppi sem fela m.a. í sér að lágmarksaldur er færður úr 60 árum í 67 ár. Sveitarstjórn samþykkir reglurnar.

**8. Reglur um garðþjónustu fyrir ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega.**

Oddviti kynnti reglur um garðþjónustu fyrir ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega en þar er m.a. gert ráð fyrir að árlegur stuðningur geti numið allt að kr. 30.000. Sveitarstjórn samþykkir reglurnar.

**9. Innviðaráðuneytið: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna tilfærslu fasteignaskrár frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.**

Oddviti kynnti drög frá Innviðaráðuneytinu að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna tilfærslu fasteignaskrár frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

**10. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikotínvörur).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikotínvörur).

**11. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (vinnutími starfsmanna sem veita notendastýrða persónulega aðstoð).

**12. Atvinnuveganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (umhverfisvæn orkuöflun).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (umhverfisvæn orkuöflun).

**13. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga (einstaklingar sem flytjast til innan viðskiptafyrirtækis).**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga (einstaklingar sem flytjast til innan viðskiptafyrirtækis).

**14. Íbúafundur.**

Oddviti ræddi um árlegan íbúafund sem haldinn hefur verið til að kynna fyrir íbúum síðasta ársreikning sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir að halda íbúafund á Hótel Flúðum þann 23. maí kl. 20:00.

**15. Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði 25. maí n.k. kl. 16.00.

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

**16. Skólanefnd: Fundargerð 22. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 8. apríl s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 22. fundar skólanefndar vegna Undralands frá 8. apríl s.l. Þar var rætt um skólastarfið og næstu verkefni. Farið yfir framkvæmdaáætlun inni og úti ásamt minnisblaði leikskólastjóra því tengdu. Þá var farið yfir drög að skóladagatali fyrir næsta skólaár. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**17. Öldungaráð og félag eldri Hrunamanna: Fundargerð sameiginlegs fundar öldungaráðs og Félags eldri Hrunamanna frá 8. apríl s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð sameiginlegs fundar Öldungaráðs og Félags eldri Hrunamanna frá 8. apríl s.l. Þar var rætt um breytingu í samráðshóp í stað öldungaráðs, kynnt var erindisbréf öldungaráðs Uppsveita og Flóa. Rætt var um garðslátt, húsnæðismál og aukið eftirlit með eldri borgurum á vegum Heilsugæslunnar. Þá var farið yfir heimsendingu á mat. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

**18. Fundargerð 237. fundar skipulagsnefndar frá 13. apríl s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. apríl s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 237. fundar skipulagsnefndar frá 13. apríl s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. apríl s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.

**Mál nr. 28. Smiðjustígur 9: Stækkun á byggingarreit, deiliskipulagsbreyting.**

Lögð var fram beiðni um breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Smiðjustígar 9 á Flúðum. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits til að koma nýju húsi betur fyrir á lóðinni. Ætlunin er að reiturinn verði staðsettur 3 metra fjarlægð frá lóðarmörkum til austurs og 3 metra frá lóðarmörkum til norðurs. Breytingin er í takt við fjarlægð byggingarreita frá lóðarmörkum á aðliggjandi lóðumdeiliskipulagi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um fullnægjandi gögn. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi þegar viðeigandi gögnum hefur verið skilað inn til embættis UTU.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um fullnægjandi gögn og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi þegar viðeigandi gögnum hefur verið skilað inn til embættis UTU.

**Mál nr. 29. Haukholt: Deiliskipulag.**

Lögð var fram umsókn um nýtt deiliskipulag sem tekur til Haukhólts 2 í Hrunamannahreppi. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreits fyrir íbúðarhús og bílskúr.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

**Mál nr. 30. Kotlaugar: Umsókn um byggingarleyfi, íbúðarhús.**

Lögð var fram umsókn Helga G. Bragasonar fyrir hönd Sigurjóns Sigurðarsonar og Sigrúnar Einarsdóttur, móttækin 29.03.2022, um byggingarleyfi fyrir 120 m<sup>2</sup> íbúðarhús á lóðinni Kotlaugar 4 L233316 í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Þar sem fyrir liggur skriflegt samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar og jarðareiganda er ekki talin þörf á grenndarkynningu. Nefndin mælist til þess að málinu verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar en þar sem fyrir liggur skriflegt samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar og jarðareiganda er ekki talin þörf á grenndarkynningu. Sveitarstjórn vísar því málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Sigurður víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

**Mál nr. 31. Birkihlíð 11: Nýtingarhlutfall, deiliskipulagsbreyting.**

Lögð var fram umsókn frá Flott mál ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Birkihlíðar 11-15. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall innan lóðar verði aukið úr 0,30 í 0,35. Við fyrri breytingu á deiliskipulagi svæðisins þar sem lóðir minnkuðu skertist heimilað byggingarmagn innan lóða. Breytingunni þessari er því ætlað að ná til baka fyrra byggingarmagni innan lóða.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Í breytingunni muni felast að nýtingarhlutfall allra raðhúsaloða innan deiliskipulagsins verði 0,35 í stað 0,30. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins þannig að nýtingarhlutfall allra raðhúsaloða innan deiliskipulagsins verði 0,35 í stað 0,30 og málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

**Mál nr. 32. Dalabyggð: Stækkun frístundasvæðis, deiliskipulagsbreyting.**

Lögð var fram tillaga er varðar breytingu á deiliskipulagi að Dalabyggð í Hrunamannahreppi eftir auglýsingu. Í breytingunni felst fjölgun lóða innan svæðisins. Umsagnir bárust á auglýsingatíma deiliskipulagsbreytingar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Mál nr. 34. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. apríl s.l.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. apríl s.l.

**19. Fundargerð 238. fundar skipulagsnefndar frá 27. apríl s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 238. fundar skipulagsnefndar frá 27. apríl s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi.

**Mál nr. 12. Hlíð spilda: Frístundasvæði, endurskoðun deiliskipulags.**

Lögð var fram tillaga deiliskipulags vegna Hlíðar spildu 1 L221538 eftir kynningu. Deiliskipulagið tekur til skiptingu landsins, skilgreiningu byggingarreita og byggingarheimilda innan svæðisins. Við gildistöku skipulagsins fellur núverandi deiliskipulags svæðisins úr gildi. Athugasemdir bárust við kynningu málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd telur ekki ástæðu til að bregðast við athugasemdum sem bárust við deiliskipulagið á kynningarstigi þess. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Þeim sem athugasemdir gerðu á kynningarstigi skipulagsins verði tilkynnt sérstaklega um auglýsingu þess og gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir að nýju.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og telur ekki ástæðu til að bregðast við athugasemdum sem bárust við deiliskipulagið á kynningarstigi þess. Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Þeim sem athugasemdir gerðu á kynningarstigi skipulagsins verði tilkynnt sérstaklega um auglýsingu þess og gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir að nýju.

### **Mál nr. 13. Ásgarður: Kerlingarfjöll, deiliskipulagsbreyting.**

Lagt var fram deiliskipulag fyrir reit Fannborgar ehf. innan Kerlingarfjalla eftir auglýsingu. Í gildi er deiliskipulag, svæði Fannborgar, Ásgarði Kerlingarfjöllum, sem tók gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.03.2014. Unnið er nýtt deiliskipulag á grunni gildandi skipulags af svæðinu. Meginmarkmið nýs deiliskipulags er að sníða ramma utan um ferðapjónustu Fannborgar í Kerlingarfjöllum og tryggja þróun hennar til framtíðar í sátt við einstaka náttúru. Markmiðin eru þau sömu og markmið gildandi deiliskipulags en útfærð nánar fyrir svæði Fannborgar. Í þeim felst að bæta þjónustu við ferðamenn og auðvelda þeim sem sækja svæðið að njóta útivistar og náttúrufars án þess að valda röskun eða tjóni á lífríki svæðisins. Að hugað verði sérstaklega að gönguleiðum innan svæðisins og þær tengdar við leiðir sem liggja fyrir utan skipulagsmörkin. Að bæta gistaðstöðu og bjóða fjölbreytta gistingu til að koma til móts við ólíkar óskir ferðalanga. Að nýta og gera heilsteypara það svæði sem þegar hefur verið tekið til ráðstöfunar. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar er varðar matsskyldu verkefnisins og er hún lögð fram við afgreiðslu málsins. Tillaga var auglýst með athugasemdafrest frá 9. mars til 21. apríl, engar athugasemdir bárust við auglýsingu málsins. Umsagnir sem bárust eru lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðri greinargerð.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hefur verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### **Mál nr. 14. Ásgarður: Kerlingarfjöll, náma, framkvæmdaleyfi.**

Lögð var fram umsókn frá Fannborg ehf. er varðar umsókn um framkvæmdaleyfi. Í umsókninni felst beiðni um efnistöku á svæði E40.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem heimild Umhverfisstofnunar vegna framkvæmdarinnar liggur fyrir telur nefndin ekki þörf á grenndarkynningu vegna málsins

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og þar sem heimild Umhverfisstofnunar vegna framkvæmdarinnar liggur fyrir telur sveitarstjórn ekki þörf á grenndarkynningu vegna málsins.

### **Önnur mál:**

#### **20. Verksamingur um afsetningu seyru: Framlenging.**

Oddviti lagði fram verksaming um afsetningu á seyru milli Fögrusteina ehf og Hrunamannahrepps frá 2019 en í samningnum er heimild til að framlengja samninginn um önnur þrjú ár. Sveitarstjórn samþykkir að framlengja samninginn um þrjú ár.

#### **21. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 23. fundar nefndarinnar frá 27. apríl s.l.**

Oddviti lagði fram fundargerð 23. fundar landbúnaðarnefndar frá 27. apríl s.l. Þar var rætt um fyrirkomulag fjallferðar og heiðarsmölunar. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**22. Skólanefnd: Fundargerð 23. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 4. maí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 23. fundar skólanefndar vegna Undralands frá 4. maí s.l. Þar var farið yfir drög að skóladagatali næsta skólaárs og áhrif þeirra breytinga sem þær myndu hafa. Sveitarstjórn samþykkir skóladagatal 2022-2023 en þar er gert ráð fyrir sjö starfsdögum og að hluti orlofsdaga starfsmanna verði á sama tíma og vetrarfrí er í Flúðaskóla. Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að halda áfram með ákveðna þróun á skóladagatali leikskólans til að mæta þörfum foreldra, nemenda og starfsmanna.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. SASS: Fundargerð 580. fundar stjórnar frá 1. apríl s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- b. SASS: Fundargerð 581. fundar stjórnar frá 25. apríl s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- c. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 217. fundar frá 30. mars s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- d. Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fundargerð 24. aukafundar frá 7. febrúar.**  
Lagt fram til kynningar.
- e. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 24. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga frá 11. apríl s.l.**  
Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- f. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 909. fundar frá 27. apríl s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- g. Reiðhöllin á Flúðum ehf.: Fundargerð aðalfundar og ársreikningur 2021.**  
Lagt fram til kynningar.
- h. Landgræðslufélag Hrunamanna: Ársreikningur 2021.**  
Lagt fram til kynningar.
- i. Björgunarfélagið Eyvindur: Ársreikningur 2021.**  
Lagt fram til kynningar.
- j. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 50. fundar stjórnar frá 1. apríl s.l.**  
Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

- k. Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga 9. maí n.k.**  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:10.